

Greinargerð með fjárhagsáætlun 2024-2027



Mýrdalshreppur

Fjárhagsáætlun 2024-2027. Greinargerð.
Sveitarstjórn Mýrdalshrepps
Seinni umræða, 14. desember 2023



Efnisyfirlit

Inngangur	2
Forsendur áætlunar 2024-2027	3
Málaflokkar, stofnanir og fyrirtæki.	5
Félagsmál	6
Fræðslu og uppeldismál	7
Menningarmál	7
Æskulýðs og íþróttamál	8
Brunamál og almannavarnir	8
Hreinlætismál	8
Skipulags- og byggingarmál	8
Umferðar og samgöngumál	9
Umhverfismál	9
Atvinnumál	9
Sameiginlegur kostnaður	9
Eignasjóður	9
Framkvæmdaáætlun 2024	10
Gatnagerð	10
Lýsing	10
Viðhaldsverkefni	10
Vatns- og fráveita	10
Gangstéttar og göngustígar	11
Nýframkvæmdir og fjárfestingar	11



Inngangur

Íbúum Mýrdalshrepps hefur fjölgað um rúm 10% á árinu 2023. Útsvarstekjur sveitarfélagsins hafa því vaxið samhliða íbúafjölgun og fjárhagur sveitarfélagsins stendur styrkum fótum. Mikil uppbygging íbúðarhúsnæðis er yfirstandandi og frekari uppbygging fyrirhuguð á nýju skipulagssvæði í austurhluta bæjarins samhliða áframhaldandi uppbyggingu í Túnahverfi. Skipulagsvinnu til þess að tryggja framboð af verslunar- og þjónustulóðum hefur verið hrundið af stað og standa vonir til að hægt verði að auglýsa slíkar lóðir á næsta ári. Nokkur eftirspurn var um síðustu verslunar- og þjónustulóð sem sveitarfélagið úthlutaði en mikilvægt er að huga að því að uppbygging íbúðarhúsnæðis nái að halda í við uppbyggingu nýrrar verslunar og þjónustu.

Lokið verður við byggingu nýs leikskóla í Vík á árinu 2024 og stefnt er að því að ljúka frágangi leikskólalóðar á sumarmánuðum. Aðrar framkvæmdir sem fjárhagsáætlun 2024-2027 gerir ráð fyrir eru:

2024

- Nýr leikskóli og leikskólalóð
- Útsýnispallur í Reynisfjalli
- Gatna-, gangstétta- og stígagerð
- Viðgerð á ytra byrði Leikskála
- Hönnun nýrrar slökkvistöðvar
- Stofnframlög vegna byggingu leiguíbúða

2025

- Ný líkamsrækt
- Fráveituframkvæmdir
- Gatna-, gangstétta- og stígagerð

2026

- Ný slökkvistöð
- Gatna-, gangstétta- og stígagerð

2027

- Viðbygging við Víkurskóla
- Gatna-, gangstétta- og stígagerð

Niðurstöður sameiginlegs útboðs sem Skaftárhreppur og Mýrdalshreppur réðust í fyrr á árinu 2023 munu hafa þau áhrif að kostnaður við sorphirðu mun hækka umtalsvert. Sorphirðugjöld munu þurfa að standa undir raunkostnaði en fyrir liggur að það kann að taka tíma að ná jafnvægi og fá reynslu af nýju kerfi, sér í lagi því sem snýr að innheimtu á gámasvæði sveitarfélagsins.

Fjárhagsleg staða Mýrdalshrepps er góð og sveitarfélagið í góðri stöðu til að ráðast í innviðafjárfestingar. Mikilvægt er þó að horft verði til þess við áætlanagerð til lengri tíma að þjónustupyngd íbúa í sveitarfélaginu kann að aukast mjög miðað við það sem nú er eftir því sem börnum fjölgar í skóla og



þjónustustig hækkar. Launakostnaður og annar rekstrarkostnaður við að halda úti þjónustu getur þannig hækkað mjög og dregið úr svigrúmi til fjárfestingar.

Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2024:

- Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta er jákvæð um 134 m.kr.
- Skuldahlutfall verður 72,1% í lok árs 2024
- Veltufé frá rekstri verður 234,5 milljónir
- Áætlaðar fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum nema 760 m.kr.
- Útsvarsprósenta er óbreytt frá því sem verið hefur, 14,74%
- Álagning fasteignagjalda verður óbreytt frá fyrra ári
- Almennt var miðað við 5,5% hækkun á öðrum gjaldskrá í A-hluta

Heildartekjur ársins 2024 eru áætlaðar 1.371 m.kr. og heildargjöld 1.111 m.kr. Fjármagnskostnaður er áætlaður 46,5 m.kr. og handbært fé í árslok 60,3 m.kr.

Talsverðar hreyfingar hafa verið í starfsmannahópi sveitarfélagsins á yfirstandandi ári. Umfang starfseminnar hjá ráðhúsi sveitarfélagsins er orðið slíkt að óumflýjanlegt er að horfa til þess að hægt verði að bæta við starfsfólki. Samþykkt hefur verið að taka á leigu aðstöðu fyrir ráðhús í nýju húsi sem mun rísa á Smiðjuvegi 7. Starfsaðstaðan mun þannig batna og gefa svigrúm til þess að ráða inn nýtt starfsfólk og bæta þannig þjónustu sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið lauk við endurskoðun nýrrar menntastefnu á yfirstandandi ári. Stefnan markar skýra sýn fyrir skólastarf í sveitarfélaginu en mikilvægt er að stjórnendur og Fjölskyldu-, frístunda- og menningarráð fylgi eftir innleiðingu stefnunnar á næstu árum. Fjárhagsáætlun næsta árs gerir ráð fyrir því að ráðist verði í þarfagreiningu fyrir húsnæði Víkurskóla. Ljóst er að með áframhaldandi íbúafjölgun og fjölgun barna í skóla mun þurfa að stækka skólann. Í ljósi umfangs verkefnisins er fýsilegt að hefja undirbúning þess tímanlega ef skipta þarf framkvæmdinni upp í áfanga.

Ráðist var í skipulagsbreytingar í íþróttamiðstöð sveitarfélagsins fyrr á árinu. Endurbætur eru hafnar í sundlaug og íþróttamiðstöð en ljóst er að búnaður og aðstaða er að mörgu leyti orðin úreld. Stefnt er að opnun tímabundinnar stækkunar á líkamsræktaraðstöðu og endurnýjun tækjabúnaðar fyrir líkamsræktina og í sundlauginni.



Umfang eldvarnareftirlits hefur vaxið mjög á síðustu árum samhliða uppbyggingu sem hefur átt sér stað í sveitarfélaginu. Slökkviliðsstjóri var ráðinn í fullt starf á árinu 2023 til þess að ná betur utan um starfsemi slökkviliðs og eldvarnareftirlits. Fjárhagsáætlun 2024 gerir ráð fyrir því að ný slökkviliðsstöð verði hönnuð og þriggja ára áætlun gerir ráð fyrir að hún verði byggð á árinu 2026.

Ríkið hefur unnið að frumathugun vegna byggingar nýs hjúkrunarheimilis í Vík. Sveitarfélagið ákvað við skipulagsvinnu á Sléttuvegi að gera ráð fyrir að hægt verði að byggja nýtt hjúkrunarheimili á lóð þar eftir að frumathugun benti til þess að lóð á Ránarbraut sé of lítil fyrir nýtt heimili. Sveitarfélagið hefur lagt til við ríkið að kannaðir verði möguleikarnir á því að fá einkaaðila að byggingu og rekstri nýs heimilis. Ríkið hefur unnið að breytingum á því fyrirkomulagi sem hefur verið unnið eftir við byggingu hjúkrunarheimila þar sem gert er ráð fyrir að ríki og sveitarfélög fjármagni þær í sameiningu og að opnað verði á aðkomu einkaaðila.

Fjárhagsáætlun 2024-2027 gerir ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu innviða og skipulagningu nýrra hverfa til þess að svara eftirspurn eftir lóðum. Stefnt er að eflingu stofnana þannig að hægt verði að tryggja góða þjónustu sveitarfélagsins við íbúa. Myndir í greinargerð þessari eru fengnar frá Þóri N. Kjartanssyni og sýna ýmsar framkvæmdir sem unnið er að í sveitarfélaginu um þessar mundir.

14. desember 2023

Einar Freyr Elínarson, sveitarstjóri Mýrdalshrepps



Forsendur áætlunar 2024-2027

Lagavísanir og skilgreiningar

Fjárhagsáætlun Mýrdalshrepps fyrir árið 2024 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2025–2027 er sett fram í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 fyrir A-hluta og samantekinn reikning fyrir A- og B-hluta. A-hluti samanstendur af aðalsjóði og eignasjóði. Í aðalsjóði er rekstur málaflokka og þjónusta við íbúa bæjarins sem er fjármögnuð með skatttekjum og þjónustugjöldum. Í eignasjóði er haldið utan um rekstur, viðhald og stofnframkvæmdir fasteigna og gatna. Í áætlun A-hluta eru milli-viðskipti vegna innri leigu, fasteignaskatta og afnota af íþróttamannvirkjum jöfnuð út á milli stofnana. Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæðar rekstrareiningar sem eru í eigu bæjarins og eru fjármagnaðar með þjónustutekjum.

Skatttekjur

Skattlagningu sveitarfélaga er settur rammi í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum. Skatttekjur skiptast í útsvar og fasteignaskatt. Aðrar tekjur með skattaígildi eru lóðaleiga.

Útsvar

Útsvarshlutfall er óbreytt og verður á árinu 2024, 14,74%. Áætlað er að útsvarstekjur vegna 2024 nemi um 741 m.kr. Áætlun útsvarstekna er byggð á útreikningum Sambands Íslenskra sveitarfélaga.

Framlög úr Jöfnunarsjóði

Mýrdalshreppur fær framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna grunnskóla, skólaaksturs, tónlistarkennslu, nýbúafræðslu og þjónustu við fatlað fólk. Áætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga liggur að stærstum hluta til fyrir. Gert er ráð fyrir að fjárhæð framlaga nemi alls tæpum 180 m.kr. sem er lækkun frá síðasta ári.



Fasteignagjöld

Stofn til útreiknings fasteignagjalda íbúðarhúsnæðis á árinu 2024 miðast við fasteignamat eigna sem gefið var út í júní 2023. Endurmat ársins, matsbreytingar og nýjar eignir leiða til þess að matsstofn Mýrdalshrepps verður samkvæmt eftirfarandi töflu.

Flokkur	Skýring	Álagningarhlutfall	Heildarfjárhæð
A	Almennt	0.33%	48.291.707
B	Opinbert húsnæði	1.32%	5.619.240
C	Atvinnuhúsnæði	1.65%	81.783.474
Samtals			135.694.421

Tekjur af fasteignaskatt, sundurliðaðar eftir flokkum.

Aflsáttur af fasteignagjöldum

Reglur um niðurfellingu fasteignagjalda til elli- og örorkulífeyrisþega er vegna íbúðarhúsnæðis þeirra til eigin nota og fyrir þá sem eiga lögheimili í Mýrdalshreppi. Niðurfellingin er tekjutengd og tekur einungis til fasteignaskatts. Afsláttur í fjárhagsáætlun 2024 er áætlaður XX m.kr. Sú fjárhæð miðast við árstekjur (heildartekjur) 2022, sbr. álagningu skattstjóra og gilda fyrir lækkun fasteignaskatts 2024. Fjárhæðirnar skulu framreiknaðar árlega með tilliti til breytinga á launavísitölu frá upphafi til loka þess tekjuárs sem miðað er við hverju sinni.

Aðrar tekjur

Í frumvarpi að fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir almennri 7,5% hækkun gjaldskráa fyrir árið 2024 málaflokkum:

- Leikskóli.
- Tónskóli.
- Dægradvöl í grunnskóla.
- Mötuneyti leik- og grunnskóla.

Gjaldskrá hunda- og kattahalds tekur vísitölubreytingum skv. fyrri samþykkt.



Laun og launatengd gjöld

Launakostnaður er áætlaður út frá núverandi stöðugildum og starfsmönnum og miðar að hækkun um 5%. Kjarasamningar margra opinberra starfsmanna eru lausir á árinu 2024 og því kann launakostnaður að taka nokkrum breytingum. Í því ljósi eru settar fram hóflegar hækkunarir en svigrúm til staðar í áætlun til að bregðast við.

Meðalfjöldi stöðugilda og starfsmanna eftir árum.

Fjöldi starfsmanna og stöðugilda								
	2020		2021		2022		2023	
	Stöðugildi	Starfsmenn	Stöðugildi	Starfsmenn	Stöðugildi	Starfsmenn	Stöðugildi	Starfsmenn
Heimaþjónusta	0.6	1	0.3	1	0.35	1	0	0
Leikskóli	7.9	10.5	7.6	10.9	9.3	10.3	9.3	10.8
Grunnskóli	13.5	17.8	12.9	18.5	13.93	18.5	16	21,8
Tónskóli	1.7	2.7	1.2	3	1.6	3.9	1.5	3.25
Héraðsbókasafn	0.2	1	0.2	1	0.2	0.7	0	0
Leikskálar	0.3	1	0.3	1	0.3	1.1	0.25	1
Félagsmiðstöð	0.3	1	0.4	1	0.3	0.8	0.2	1
Íþróttamiðstöð	4.4	6	3.8	5	4.8	7.1	5	8.9
Slökkvilið	0.5	2	0.5	2	0.5	2	0.75	1.8
Byggingarfulltrúi	1	1	1.1	1.4	1.7	1.8	1	1
Ráðhús	3.6	4	3.1	4.1	4.5	4.8	4.1	4.3
Áhaldahús	4	4	3.5	4.5	3.6	3.8	3.6	3.7
SAMTALS	38	52	34.9	53.4	41.08	55.8	42.7	58.5

Málaflokkar, stofnanir og fyrirtæki.


Áætlað er að heildartekjur fyrir A- og B-hluta á árinu 2024 verði 1.371 m.kr. og að áætluð rekstrargjöld fyrir fjármagnsliði verði 1.111 m.kr. Jákvæð rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er áætluð um 181,6 m.kr. Fjármagnsliðir eru áætlaðir neikvæðir sem nemur rúmlega 46 m.kr., þannig að áætluð rekstrarniðurstaða ársins 2024 er jákvæð um 135 m.kr.

Heildareignir samstæðunnar eru áætlaðar um 2.728 m.kr. í árslok 2024. Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar um 973 m.kr.



Veltufé frá rekstri er sá mælikvarði sem oft er litið til þegar meta skal getu sveitarfélaga til að standa við skuldbindingar sínar utan rekstrar. Mælikvarðinn gefur meðal annars vísbendingu um hversu mikið er til ráðstöfunar frá rekstri til fjárfestinga og til að greiða skuldir. Á árinu 2024 er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði um 234,5 m.kr., sem er um 17.1 % af heildartekjum.

Hlutfall málaflokka af heildarútgjöldum



Félagsmál

Mýrdalshreppur, Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra og Skaftárhreppur reka byggðasamlag um málefni fatlaðs fólks, Bergrisinn b.s.

Aðildarsveitarfélögin fela byggðasamlaginu skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk sem á lögheimili í aðildarsveitarfélögunum í samræmi við lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum. Enn vantar töluvert uppá að það fjármagn sem sett er til þessa verkefnis á Suðurlandi í gegnum jöfnunarsjóðinn, dugi til að standa undir þjónustunni. Gert er ráð fyrir að borga til Bergrisans 13,9 m.kr. árið 2024.

Mýrdalshreppur, Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra og Skaftárhreppur standa saman að byggðasamlagi um félags- og skólaþjónustu. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 er gert ráð fyrir 42,1 m.kr. framlagi Mýrdalshrepps til byggðasamlagsins.



Rekstur hjúkrunarheimila er á ábyrgð ríkisins en greiðslu til rekstursins undanfarin ár hafa ekki verið í neinum tengslum við kostnaðinn, jafnvel stóru heimilin hafa ekki getað látið enda ná saman. Nokkur breyting varð þó á rekstrinum með nýjum samningum sem bæta stöðu minni hjúkrunarheimila. Rekstur Hjallatúns skilaði afgangi árið 2022 og það sem af er ári 2023 hefur sveitarfélagið ekki þurft að leggja rekstrinum til styrk. Ekki er gert ráð fyrir styrk á árinu 2024.

Fræðslu og uppeldismál

Gert er ráð fyrir að tæplega helmingur allra útgjalda fari til fræðslu og uppeldismála, samtals um 431 m. kr. Þar af eru 317 m.kr. í laun og launatengd gjöld og 114 m.kr. í annan rekstrarkostnað. Tekjur eru alls áætlaðar 25,2 m.kr. Lokið verður við byggingu nýs leikskóla á árinu 2024. Umfangsmeiri starfsemi mun fylgja aukinn launakostnaður til lengri tíma og eins þarf að huga að framtíðarhúsakosti grunnskólans en fyrirhugað er að ráðast í þarfagreiningu vegna hans á árinu 2024.



Menningarmál

Til menningarmála er gert ráð fyrir að verja 34,5 m. kr. Þar af eru 3,1 m.kr. laun og launatengd gjöld og 31,4 m.kr. annar rekstrarkostnaður. Stærstu einingar þessa málflokks eru bókasafnið, Kötlusetur og Regnboginn. Rekstri bókasafns verður tímabundið hætt á árinu 2023 vegna breytinga sem verða á



húsnæðinu að Ránarbraut 1 þar sem það hefur verið til húsa. Bókakosti safnsins verður komið í geymslu en stefnt er að því að það opni að nýju í húsnæði skólans þegar það verður endurskipulagt árið 2024.

Æskulýðs og íþróttamál

Til æskulýðs og íþróttamála heyra leikjanámskeið, félagsmiðstöð og íþróttamiðstöð. Gert er ráð fyrir að verja til þessa málaflokks 114 m.kr. Þar af eru 53,6 m.kr. laun og launatengd gjöld og 60 m.kr. annar rekstrarkostnaður. Mest fjármagn fer til rekstrar íþróttamiðstöðvarinnar. Sveitarfélagið stefnir að því að útboði fyrir byggingu nýrrar líkamsræktar á seinni hluta árs 2024 og að hún verði byggð árið 2025. Kanna þarf mögulegar leiðir í rekstri nýrrar líkamsræktar, t.d. með samningum við einkaaðila.

Brunamál og almannavarnir

Til málflokksins er áætlað að fari um samtals 61,3 m. kr. Þar af eru 38,5 m.kr. laun og launatengd gjöld og 22,8 m.kr. annar rekstrarkostnaður og fer stærstur hluti til rekstur slökkviliðsins. Í dag eru tvö föst stöðugildi þ.e. slökkviliðsstjóri og vara slökkviliðstóri, ásamt þeim ganga að auki 3 varðstjórar bakvaktir. Heilt yfir er liðið vel búið tækjum og gengið var frá kaupum á nýjum tækjabíl á árinu 2023. Ljóst er að slökkvistöðin er barn síns tíma og aðstaða þar ekki í samræmi við reglugerðir og því er stefnt að hönnun nýrrar slökkvistöðvar á árinu 2024.

Miðað við stærð sveitarfélagsins er óvenju mikið af stórum byggingum og ljóst að það þarf öflugt slökkvilið til að ráða við bruna ef til þess kemur. Það er mikilvægt að geta slökkviliðsins sé höfð í huga við úthlutun byggingarleyfa stórra húsa.

Hreinlætismál

Sorphirða var boðin út á árinu 2023 og samið við Kubbe ehf. um verkefnið. Niðurstöður útboðsins munu leiða til umtalsverðs kostnaðarauka en gert er ráð fyrir að verja 71,7 m.kr. í málaflokkinn árið 2024. Tekjur verða 50,9 m.kr. en hafa þarf í huga að erfitt er að áætla hverjar tekjur af gámasvæði verða í nýju fyrirkomulagi þar sem innheimt verður fyrir úrgang sem verður skilað þangað samkvæmt gjaldskrá.

Skipulags- og byggingarmál

Í fjárhagsáætlun 2022 er gert ráð fyrir að setja 54,4 m. kr. til málflokksins. Þar af eru laun og launatengd gjöld 24,1 m.kr. og annar rekstrarkostnaður 30,2 m.kr. Ráðist verður í hugmyndasamkeppni í samstarfi við Arkitektafélagið fyrir deiliskipulagsgerð fyrir nýtt íbúðar- og verslunar- og þjónustusvæði í austurhluta Víkur. Áfram verður unnið að deiliskipulagsgerð fyrir eldri hluta bæjarins auk nauðsynlegra breytinga á aðalskipulagi vegna áframhaldandi uppbyggingar.



Umferðar og samgöngumál

Framlag í áætlun 2022 til umferðar- og samgöngumála er 17,2 m. kr. Undir þennan málflokk fellur viðhald gatna og gangstíga, götulýsing, snjómokstur og merkingar gatna og stíga. Áfram skal vinna að því að gera gangbrautir sýnilegri og gera við kanta þar við gangbrautar þar sem þörf er á.

Umhverfismál

Í þennan málflokk er gert ráð fyrir að setja 23,4 m.kr. Að stærstum hluta undir þessum málaflokki er kostnaður við slátt og hriðingu opinna svæða. Mikil áhersla er lögð á að halda opnum svæðum snyrtilegum og vel hirtum. Undanfarin ár hefur verið unnið að því að endurbæta opin svæði og lýsa þau upp en til þess að þessar framkvæmdir nýtist almenningi þarf að halda þeim aðgengilegum og snyrtilegum. Jafnframt er gert ráð fyrir fjármunum vegna færslu á tjaldsvæði og aðstöðuhúss golfvallarins.

Atvinnumál

Undir þennan málflokk falla m.a. fjallskil og Katla Jarðvangur. Gert er ráð fyrir að verja 9,4 m.kr. í málaflokkinn og þar munar mestu um áætlaðan 5 m.kr. styrk til Kötlu jarðvangs.

Sameiginlegur kostnaður

Ráðhús Mýrdalshrepps er stoðdeild sem leysir af hendi verkefni á fjármálasviði, þjónustu – og þróunarsviði og sinnir ráðgjöf um málefni persónuverndar, mannauðsmála og skjalamála. Gert er ráð fyrir að verja 126,7 m.kr. til málaflokksins á árinu 2023 og þar af eru 85 m.kr. laun og launatengd gjöld og 41,6 m.kr. annar rekstrarkostnaður.

M.a. annarra liða sem falla undir þennan málflokk eru: Sveitarstjórn, ungmennaráð og endurskoðun.

Eignasjóður

Eignasjóður er A-hluta stofnun sem leigir út varanlega rekstrarfjármuni til stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins samkvæmt óskum þeirra og þörfum. Hann innheimtir leigu (svonefnda innri leigu) í samræmi við raunverulegan kostnað sem viðkomandi fjárfesting ber með sér yfir lengri tíma. Til slíks kostnaðar teljast fjármagnskostnaður vegna viðkomandi rekstrarfjármuna, afskriftir, skattar og tryggingar og viðhaldskostnaður, auk eðlilegrar þóknunar eignasjóðs fyrir umsýslu.

Á undanförunum árum hefur jafnt og þétt verið unnið að endurbótum á fasteignum sveitarfélagsins og framhald verður á þeirri vinnu, m.a. með viðhaldi á húsnaði Víkurskóla, íþróttamannvirkjum og viðgerðum á ytra byrði Leikskála.



Framkvæmdaáætlun 2024

Alls er gert ráð fyrir fjárfestingum að upphæð XXX m.kr. á árinu 2024 í neðangreind verkefni.

Gatnagerð

Verkefni	Lýsing
Mýrarbraut	Malbikun og frágangur
Mánabraut 26-32	Burðarlag
Ný vegtenging við bílastæði í hrap	Burðarlag
Smiðjuvegur	Malbikun og frágangur

	Lýsing
Verkefni	Lýsing
Mýrarbraut	Led ljósastaurar
Smiðjuvegur	
Víkurbraut	
Bakkabraut (Bakkaskarð og Reynisfjall)	
Syngjandi	

Viðhaldsverkefni	
Verkefni	Lýsing
Íþróttahús	Þak og gafl
Leikskólar	Viðgerð á ytra byrði
Víkurskóli	Viðgerð á tartanleikvelli
Víkurskóli	Gluggar og endurskipulagning
Íþróttavöllur	Viðgerð á vallarhúsi

Vatns- og fráveita	
Verkefni	Lýsing
Mýrarbraut	Skólþ- og regnvatnskerfi
Sléttuvegur	Endurbætur Lagnakerfis
Sunnubraut	Endurbætur Lagnakerfis
Víkurbraut að Mánabraut	Endurbætur Lagnakerfis
Slökkvivatn	Könnun á aðskildu kerfi frá neysluvatni
Hreinsistöð fyrir vesturhluta Víkur	Rannsókn



Gangstéttar og göngustígar	
Verkefni	Lýsing
Króktún 3-11	Steypt gangstétt
Mýrarbraut	
Strandvegur	
Sléttuvegur	
Klettsvegur – Sléttuvegur	Ecoraster plastmottur og lýsing
Syngjandi	
Nýframkvæmdir og fjárfestingar	
Verkefni	Lýsing
Leikskóli	Frágangur nýs leikskóla og leikskólalóðar
Reynisfjall	Útsýnispallur í hlíðum Reynisfjalls
Leiguíbúðir	Stofnframlög til byggingar nýrra leiguíbúða
Slökkvilið	Hönnun nýrrar slökkvistöðvar
Vallarhverfi	Hönnunarsamkeppni deiliskipulags

